

Dýramál – veggspjald Verkefnið gildir 10% af lokaekunn

Skil: 16. febrúar 2025. Þið getið valið að vinna verkefnið sem einstaklingar eða tvö-þrjú saman. Þið veljið ykkur eina dýrategund af lista á Moodle og útbúið veggspjald þar sem þið farið vel yfir hvernig hún tjáir sig og í hvaða samhengi. Á listanum eru einnig nöfn á þremur öpum sem tókst að kenna táknmál ef ykkur hugnast betur að fjalla um einhvern þeirra. ATH! Aðeins einn nemandi, þar eða hópur getur verið með hverja dýrategund / apa. Þið þurfið að vinna veggspjaldið í tölvu, má nota Power Point, Canva eða önnur forrit sem þið þekkið í þessu skyni. **ATH! Verkefni eftir eitthvert gervigreindarforrit, s.s. ChatGPT fær einkunnina 0.**

Umfjöllun:

- Kynna þarf dýrategundina / apann stuttlega, s.s. búsetu, fæðu, samfélag, ævilengd og annað sem ykkur finnst þurfa. Ef þið veljið einn af öpunum þremur þurfið þið auðvitað gera grein fyrir ævisögu hans í stuttu máli.
- Meginþungi umfjöllunarinnar ætti að vera á tjáningu apan / dýrategundarinnar. Með hvaða hætti tjáir dýrategundin sig; notar hún hljóð, látbragð eða eitthvað annað? Hvers eðlis eru boðskiptin, þ.e.a.s. í hvaða samhengi? / Hvernig gekk að kenna apanum táknmál? Hvernig gekk honum að nýta sér það? Voru einhverjar hömlur á notkun þess? / Kenndi hann afkvæmum táknmál?
- Þið þurfið að afla ykkur heimilda, hvort sem er á pappír eða neti, og setja upp heimildaskrá fyrir þær í sér skjali sem skila þarf með veggspjaldinu. **Athugið að ekki má nota Wikipediu sem heimild en þið getið nýtt ykkur hana til þess að afla ykkur heimilda.** Gæta verður vel að trúverðugleika þeirra netsíðna sem notaðar eru (sjá leiðbeiningar á Moodle). Heimildaskrá þarf að setja upp skv. APA-kerfinu í heimildaskráningu, sjá sýnishorn vefsíðu [Ritvers HÍ](#). **Munið að setja heimildaskrá upp í stafrófsröð.**
- Þið þurfið að hafa myndir á veggspjaldinu og fyrir þær þarf að gera myndaskrá, sem sett er upp með sama hætti og heimildaskrá og í sama skjal.

- ❖ sem þær birtast á eða númera myndirnar í myndaskránni í þeirri röð sem þær birtast í kynningunni. Þið þurfið því ekki að nota stafrófsröð í myndaskrá.

Frágangur og skil:

- Leturgerð: Arial eða Times New Roman
- Leturstærð: 10 p.
- Línubil: 1
- Gætið að málfari og stafsetningu. Setjið textann jafnóðum í [Skramba](#) áður en þið setjið hann á veggspjaldið. Gott getur verið að fá einhvern mennskan til þess að lesa yfir fyrir ykkur líka þar sem Skrambi sér ekki gloppur í texta.
- **Veggspjaldinu þarf að skila í Turnitin-skilakassa á Moodle.** Í honum eru tvö hólf, eitt fyrir veggspjaldið og annað fyrir heimilda- og myndskrá (sama skjal).

Gangi ykkur vel og góða skemmtun!